

Framtal og skil á virðisaukaskatti

Ný reglugerð um framtal og skil

Pann 27. desember sl. gaf fjármálaráðherra út reglugerð nr. 667/1995, um framtal og skil á virðisaukaskatti. Reglugerðin kemur í stað eldri reglugerðar um sama efni.

Helstu nýmæli reglugerðarinnar

Ýmis nýmæli er að finna í reglugerðinni og verður þeirra helstu getið hér á eftir.

Ársuppgjör

Eitt helsta nýmæli reglugerðarinnar varðar **ársuppgjörstímabil**. Á árinu 1993 var sett í virðisaukaskattslög heimild fyrir ráðherra til að kveða í reglugerð á um lengra uppgjörstímabil og annað greiðslufyrirkomulag en almennt gildir ef aðili hefur virðisaukaskattsskylda veltu undir 600.000 kr. á ári (frá 1. janúar 1996 er þessi fjárhæð komin í kr. 1.204.100). Í 3. gr. reglugerðar nr. 667/1995 er þessi heimild nýtt að hluta, þ.e.a.s. þeir aðilar sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir minna en **800.000 kr.** tvö almanaksár í röð skulu á næsta almanaksári þar á eftir nota árið sem uppgjörstímabil. Skattstjóri skal tilkynna aðila um breytt uppgjörstímabil. Fari skattskyld velta aðila með ársuppgjör fram úr 800.000 kr. á almanaksárinu ber honum á næsta gjalddaga almennra uppgjörstímabila að gera upp mismun þess útskatts og innskatts sem fallið hefur á sölu og kaup á almanaksárinu. Það gerir hann með því að skila leiðréttingarskýrslu (RSK 10.26) með sundurliðun á liðin almenn uppgjörstímabil ársins.

Ákvæðið um ársuppgjör tekur hvorki til aðila á landbúnaðarskrá né þeirra sem fengið geta heimild skattstjóra til þess að nota skemmri uppgjörstímabil en almennt gildir.

Virðisaukaskattsskýrslur vegna ársuppgjörs verða í formi gíróseðils og er *gjaldlagi 15. mars* ár

hvert vegna viðskipta á næstliðnu ári, þ.e. á sama tíma og gera á skil á framtali til tekju- og eignar-skatts. Í 4. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar er sett sem skilyrði fyrir endurgreiðslu á virðisaukaskatti aðila með ársuppgjör að fyrir liggja ársreikningur, þ.e. hafi skattaðili fengið frest til að skila skattframtali og hafi hann neikvæðan virðisauka á árinu má skattstjóri ekki samþykka endurgreiðslu fyrir en hann hefur fengið í hendur ársreikning.

Almenn uppgjörstímabil bænda

Það nýmæli er einnig í 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar að aðilar sem stunda landbúnað og eru með sex mánaða uppgjörstímabil geta fengið heimild skattstjóra til að nota almenn uppgjörstímabil.

Umboð til uppgjörs og skila

Á árinu 1993 var komið inn í virðisaukaskattslög heimild handa fjármálaráðherra til að kveða á um í reglugerð að skattskyldur aðili geti, á grundvelli skriflegs samnings, tekið að sér að sjá um framtal, skil og uppgjör virðisaukaskatts af skattskyldri sölu á vöru eða þjónustu annars aðila. Í 13. gr. reglugerðarinnar er þessi heimild nýtt með þeim hætti að aðilar sem æskja slíkrar framkvæmdar verða að sækja um það skriflega til ríkisskattstjóra.

Gildistaka o.fl.

Reglugerðin tók gildi 1. janúar 1996 en í bráðabirgðaákvæði er, þrátt fyrir ákvæði um tilkynningu skattstjóra, kveðið á um að aðilar sem hafa haft veltu undir 800.000 kr. á almanaksárunum 1994 og 1995 falli undir ársuppgjör frá og með 1. janúar 1996.

Þegar velta ársins 1995 liggur fyrir 5. mars nk. verður skilamáta aðila sem falla undir nýju regluna breytt vélrænt. Þeir aðilar fá ekki senda vsk-skýrslu vegna tímabilsins jan.-feb. 1996, en í stað þess verður þeim send tilkynning um breyttan skilamáta.